

Aðalfundur Krabbameinsfélags höfuðborgarsvæðisins

Mánudaginn 18. mars 2024, kl. 20:00

Fundargerð

Árni Einarsson formaður setur fundinn 20.05. Ávarpar heiðursfélaga.

Minnast Jóns Þorgeirs Hallgrímssonar eins af okkar traustustu félögum, sem lést 21. nóvember sl.

Jón Þorgeir læknir var kosinn í stjórn Krabbameinsfélags Reykjavíkur, sem nú nefnist Krabbameinsfélag höfuðborgarsvæðisins, árið 1979 og var formaður félagsins frá 1988 til 1992. Hann var í stjórn Krabbameinsfélags Íslands frá 1988 og formaður þess frá 1992 til 1998.

Öll störf sín hjá félögunum vann hann af vandvirkni og með víðsýni að leiðarljósi og reyndist tillögugóður á miklum mótunarárum félaganna. Hann var mjög áhugasamur um allt sem varðaði baráttuna gegn krabbameini og vann að því af heilum hug að félögin næðu markmiðum sínum, ekki síst varðandi fræðslu, forvarnir og málefni sjúklinga og aðstandanda.

Í tilefni af 70 ára afmæli Krabbameinsfélags höfuðborgarsvæðisins voru tekin viðtöl við fyrrum formenn félagsins sem sýnd voru á samfélagsmiðlum. Auðsótt mál var ætíð að fá Jón Þorgeir til liðs. Hann sagði á sinn skemmtilega hátt frá árdögum krabbameinsleitar á Íslandi, tilkomu pillunnar og þeirri heilsufarsbyltingu sem leghálskrabbameinsleitin var.

Leiðir Jóns Þorgeirs og félaganna lágu saman í meira en hálfa öld, bæði á Leitarstöðinni og í félagsstarfinu. Hann var farsæll í sínum störfum og sýndi félögunum mikinn áhuga alla tíð. Sem stjórnarmaður og heiðursfélagi sat hann aðalfundi félaganna í áratugi, allt fram á síðustu ár.

Jón Þorgeir var kjörinn heiðursfélagi Krabbameinsfélags höfuðborgarsvæðisins árið 1999 og í Heiðursráð Krabbameinsfélagsins 1998.

Árni biður félagi um rísa úr sætum í virðingarskyni við hinn látna.

Formaður kemur með tillögu um fundarstjóra (Nönnu Friðriksdóttur) og fundaritari (Völu Smáradóttur).

Fundarstjóri tekur við fundarstjórn (þakkar traustið ef hann vill) minnst á að til fundarins hafi verið löglega boðað (m.a. auglýst í fjölmiðlum) og hann skoðist því lögmætur. Þjóða fundarmönnum að koma með athugasemdir.

Það má árétta að á aðalfundi 2021 var samþykkt að hætt yrði að senda út aðalfundarboð í pósti. Boðað yrði til aðalfundar með auglýsingum í fjölmiðlum og á Facebooksíðu félagsins. Fundarboð yrði sent út til þeirra sem eru með skráð netföng hjá félaginu.

Gengið til dagskrár:

1. Skýrsla félagsstjórnar

Fundarstjóri gefur formanni, Árna Einarssyni, orðið. Formaður flytur skýrslu félagsstjórnar.

Athugasemdir við skýrslu? Engar athugasemdir.

Skýrsla borin upp til samþykktar. Skýrsla samþykkt.

2. Endurskoðaður ársreikningur 2023 kynntur og lagður fram til samþykktar

Jón L. Árnason gjaldkeri leggur fram endurskoðaðan ársreikning félagsins árið 2023. Gerir stuttlega grein fyrir honum. Staðfestir að félagskjörnir skoðunarmenn hafi staðfest í tölvupósti að þeir geri engar athugasemdir við ársreikninginn.

Tekjur af happdrættinu bera reksturinn að mestu uppi, tekjur af happdrætti hafa aðeins lækkað á milli ára úr 72 milljónum 2022, í 66 milljónir 2023 en kostnaður við happdrætti hefur dregist saman, úr 44 milljónum 2022 í 38 milljónir 2023.

Félagsgjöld svipuð og árið 2021. Gjafir heldur meiri en árið á undan.

70 milljónir í tekjur 5 milljónir minna en árið áður.

Kostnaður við fræðslustarf og styrki 29 milljónir, heldur meira en 2022. Skrifstofu og stjórnarkostnaður dregst saman.

Tap upp á 2 og hálfa milljón. En vaxtatekjur og verðbætur hafa hækkað og því er hagnaður rúmar 4 milljónir. 1 milljón sett í styrktarsjóð og því hagnaður rúmar 3 milljónir.

Eign upp á 77 milljónir tæpar, en KH á 15% í húsnæðinu að Skógarhlíð 8. Eigið fé samanlagt uppá 157 milljónir.

Eigið fé og skuldir samtals 198 milljónir rúmar.

Jón fer ítarlegar í kostnaðarliði og tekjur.

Ársreikningur borinn upp til samþykktar.

Ársreikningur samþykktur. Enginn á móti.

3. Ákveðin upphæð félagsgjalda

Tillaga stjórnar er að félagsgjald verði 3.000 kr. (var 2.500 kr. og ekki hækkað síðan árið 2017). Spurt er um aðrar tillögur. Engar aðrar tillögur og upphæð félagsgjalda samþykkt.

4. Stjórnarkjör

Kosningaréttur: Félagar sem greitt hafa sín árgjöld í Krabbameinsfélagi höfuðborgarsvæðisins.

Stjórnin hefur verið þannig skipuð:

Formaður Árni Einarsson, varaformaður Ásgerður Sverrisdóttir, gjaldkeri Jón L. Árnason og ritari Hafrún Dóra Júlíusdóttir.

Meðstjórnendur: Arnar Hauksson, Magnús Gunnarsson og Vala Smáradóttir.

Í varastjórn hafa verið: Gestur Svavarsson, Jóhanna Kristjánsdóttir og Kristjana G. Guðbergsdóttir.

Hér liggja fyrir tillögur uppstillingarnefndar félagsins:

Fyrst er kosning til formanns til tveggja ára.

Árni núverandi formaður gefur ekki kost á sér til áframhaldandi formannssetu en hann sat í stjórn Krabbameinsfélags Reykjavíkur frá 2009 og sem formaður á árunum 2014 til 2018. Hann var kjörinn formaður þegar Krabbameinsfélag Hafnarfjarðar og Reykjavíkur sameinuðust 2018.

Tillaga uppstillingarnefndar er að Vala Smáradóttir vöru- og verkefnastjóri verði kjörinn formaður. Vala var í stjórn Krabbameinsfélags Reykjavíkur frá árinu 2013-2018 og í stjórn Krabbameinsfélags höfuðborgarsvæðisins frá árinu 2020.

Spurt er um aðrar tillögur. Engar aðrar tillögur.

Vala kjörinn formaður.

Kjósa þarf þrjá meðstjórnendur til tveggja ára og einn til eins árs þar sem Vala Smáradóttir sem var kjörin meðstjórnandi til tveggja ára á aðalfundi í fyrra en er núna kjörin sem formaður.

Úr stjórn eiga að ganga:

Ásgerður Sverrisdóttir, Jón L. Árnason og Magnús Gunnarsson. Jón L. og Magnús gefur kost á sér til áframhaldandi setu en ekki Ásgerður.

Tillaga uppstillingarnefndar:

Helga Tryggvadóttir, krabbameinslæknir

Jón L. Árnason, framkvæmdastjóri

Magnús Gunnarsson, framkvæmdastjóri

Til eins árs:

Jóhanna Kristjánsdóttir, hjúkrunarfræðingur sem hefur verið í varastjórn komi upp í aðalstjórn til eins árs.

Spurt er um aðrar tillögur. Engar aðrar tillögur.

Þau skoðast því sjálfkjörin.

Kjósa þarf þrjá varamenn til eins ára:

Tillaga stjórnar - eftir tillögum uppstillingarnefndar:

Kristjana G. Guðbergsdóttir, hjúkrunarfræðingur
 Steinar Ólafsson, meltingarsérfræðingur
 Ragnheiður Sigurðardóttir verkefnastjóri hjá UMFÍ

Spurt er um aðrar tillögur.

Engar aðrar tillögur. Þær skoðast því sjálfkjörnar.

5. Kosning tveggja félagskjörinna skoðunarmanna ársreiknings - kosnir til eins árs og einn til vara

Tillaga:

Birna Guðmundsdóttir

Jón Auðunn Jónsson

Til vara: Skúli Jón Sigurðarsson

Spurt er um aðrar tillögur.

Engar aðrar tillögur. Þau skoðast því sjálfkjörin.

6. Kosning löggilts endurskoðanda

Tillaga um að Ingunn Hauksdóttir endurskoðandi hjá Deloitte ehf verði löggiltur endurskoðandi félagsins.

Spurt er um aðrar tillögur.

Engar aðrar tillögur. Hún skoðast því sjálfkjörin.

7. Kosning í uppstillingarnefnd til eins árs

Tillaga:

Ása Karín Hólm

Jón Auðunn Jónsson

Þóra Magnea Magnúsdóttir

Spurt er um aðrar tillögur.

Engar aðrar tillögur. Þau skoðast því sjálfkjörin.

8. Framlag í varasjóð og ráðstöfun framlaga úr varasjóði

Stjórn leggur til að varasjóður verði óbreyttur (10 milljónir kr.). Hvorki aukið framlag né ráðstafað úr honum.

Spurt er um aðrar tillögur.

Engar aðrar tillögur. Skoðast samþykkt.

9. Kosnir sex fulltrúar á aðalfund Krabbameinsfélags Íslands 2024 svo og varafulltrúar

Tillaga um að það verði nýkjörnir aðalmenn í stjórn Krabbameinsfélags

höfuðborgarsvæðisins og varamenn verði nýkjörnir varamenn í stjórn. Stjórn óskar líka eftir umboði til breytinga ef aðstæður krefjast þess.

Spurt er um aðrar tillögur. Engar aðrar tillögur.

Skoðast samþykkt.

10. Önnur mál

Tvær ályktanir eru bornar upp fyrir félagsmenn.

Tillaga stjórnar Krabbameinsfélags höfuðborgarsvæðisins, um tóbaks- og nikótínvörur lögð fram á aðalfundi 2024

Aðalfundur Krabbameinsfélags höfuðborgarsvæðisins, haldinn 18. mars 2024; hvetur stjórnvöld til þess að tímasetja sem fyrst hvenær Ísland ætlar að verða tóbakslaust og nikótínlaust land eins og hin norrænu löndin eru búin að gera og setja sem fyrst í gang vinnu til að undirbúa það.

Sem áfanga að því markmiði þarf sem fyrst að:

- Fella allar nikótínvörur, sem ekki eru skilgreindar sem lyf, undir tóbaksvarnarlög. Í þessum sameinuðu lögum verði einnig tekin ný öflug skref í tóbaks- og nikótínvörnum.
- Hækka aldursmörk til kaupa á tóbaks- og nikótínvörum úr 18 árum í 20 ár eins og gildir um áfengi og tryggja, eins og hægt er, að ungmenni undir þeim aldri eigi aldrei möguleika á að kaupa tóbaksvörur og nikótínvörur. Mjög mikilvægt er að allt sé gert til að koma í veg fyrir að börn og ungmenni ánetjist nikótíni.
- Hækka þarf verulega verð á rafsígarettum, fylgihlutum þeirra og nikótínþúðum og banna einnota rafrettur, eins og gert var með sölu á sígarettum í stykkjatali á sínum tíma.
- Banna verður vefsölu og efla til muna eftirlit með auglýsingum og áróðri á samfélagsmiðlum fyrir notkun nikótínvara og tóbaksvara. Banna þarf að áhrifavaldar séu notaðir til að kynna tóbaksvörur og hvers kyns nikótínvarning.
- Gera þarf umbúðir tóbaksvara og nikótínvara einsleitar og banna öll bragðefni í rafsígarettuvökvum og þúðum (með eða án nikótíns). Ráðherra hefur þegar reglugerðarheimildir varðandi þessi atriði.

- Huga betur að takmörkun á aðgengi sem er mikilvæg forvarnaraðgerð en hér á landi eykst mjög mikið fjöldi sölustaða rafsígarettar og nikótínþúða. Sama gildir um vörutegundirnar, þeim fjölga stöðugt.

Spurt er um athugasemdir við þessa tillögu. Engar athugasemdir. Skoðast samþykkt.

Tillaga stjórnar Krabbameinsfélags höfuðborgarsvæðisins um ljósabekkjatökn ungmenna, lögð fram á aðalfundi 2024

Aðalfundur Krabbameinsfélags höfuðborgarsvæðisins, haldinn 18. mars 2024 hvetur heilbrigðisyfirvöld og heilbrigðiseftirlit sveitarfélaga til efla eftirlit með sólbaðsstofum á landinu. Börn og ungmenni virðast hafa greiðan aðgang að sólbaðsstofum þrátt fyrir lög um 18 ára aldurstakmark. Einnig þarf að auka vitund fólks um áhættuna sem fylgir því að vera óvarinn í sól, einkum hvað varðar börn og ungmenni.

Greinargerð:

Sortuæxli, alvarlegasta tegund húðkrabbameina, er eitt af algengustu krabbameinum hjá konum undir 40 ára aldri. Útfjólublá geislun er talin helsta orsök húðkrabbameina og því eru þeir sem mikið eru í sólarljósi eða ljósabekkjum í aukinni hættu á að fá sjúkdóminn. Að hafa brunnið í sól eða ljósabekk, sérstaklega fyrir 18 ára aldur, er einn aðaláhættuþátturinn. Það er því gríðarlega mikilvægt að aldurstakmarki á sólbaðsstofum sé framfylgt.

Spurt er um athugasemdir við þessa tillögu. Engar athugasemdir. Skoðast samþykkt.

Kjör heiðursfélaga Krabbameinsfélags höfuðborgarsvæðisins– í tilefni 75 ára afmælis félagsins

Árni kynnir

5. gr.

5.5. *Stjórnin* getur kosið heiðursfélaga. Kjör sem heiðursfélagi felur í sér viðurkenningu fyrir mikilsvert framlag til félagsins eða baráttu gegn krabbameini. Heiðursfélagar hafa sömu réttindi og skyldur og aðrir félagsmenn en eru undanþegnir greiðslu *félagsgjalda*.

Tillögur stjórnar um heiðursfélaga:

- Anna Borg Harðardóttir leikskólastjóri. Var í stjórn Krabbameinsfélags Hafnarfjarðar sem formaður á árunum 2010-2018

og í stjórn Krabbameinsfélags höfuðborgarsvæðisins eftir sameiningu félaganna 2018-2020.

- Guðrún Sigurjónsdóttir fyrrverandi formaður Samhjálpar kvenna. Samvinna félaganna var mikil um útgáfu- og fræðslumál Samhjálpar. Guðrún og Samhjálp kvenna unnu með okkur og Krabbameinsfélagi Íslands á upphafsárum Bleiku slaufunnar og að skipulagningu Bleika málþingsins frá upphafi.
- Jónas Ragnarsson ritstjóri. Mikil samvinna var ætíð milli Jónasar og félagsins okkar öll árin sem hann var starfsmaður Krabbameinsfélags Íslands. Enn í dag aðstoðar hann okkur við ýmis mál.
- Rögnvaldur Dofri Pétursson fyrrverandi endurskoðandi félagsins til mjög margra ára. Dofri hefur verið sérstakur ráðgjafi fyrir félagið á mörgum sviðum og það hefur verið mikilsvert fyrir félagið að geta leitað til hans.
- Steinunn Friðriksdóttir fyrrverandi formaður Styrks sem var eitt af aðildarfélögum Krabbameinsfélagsins. Samvinna Styrks og Krabbameinsfélags höfuðborgarsvæðisins var ætíð mikil, ekki síst við skipulagningu árlegrar merkjasölu Krabbameinsfélagsins. Þar var Steinunn drífandi verkstjórnandi.

Anna Borg, Guðrún, Jónas, Dofri eru á staðnum og fá lófatak og viðurkenningu.

Spurt um fleiri önnur mál? Enginn önnur mál en fundarstjóri þakkar fyrrum stjórnarfólki, endurskoðendum og uppstillingarnefnd fyrir starfið.

Árni slítur fundi klukkan 21.00 og þakkar fundarstjóra og fundarritara.

Árni flytur kveðjuorð sem fráfarandi formaður.

Að loknum aðalfundarstörfum flytur Ágúst Ingi Ágústsson yfirlæknir á Samhæfingarmiðstöð krabbameinsskimana hjá Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins erindið „Krabbameinsskimanir á Íslandi í dag – yfirlit“.

